



Reykjalundur í 80 ár

Fjölbreyttur hópur meðferðarteyma

● Reykjalundur er fyrsta íslenska heilbrigðisstofnunin til að hljóta CARF-gæðavottun ● Stendur frammi fyrir miklum húsnæðisvanda og endurbyggingar er þörf ● Útvíkka þarf þjónustusamning

SVIÐSLJÓÐ

Ólafur Pálsson
olafur@mbl.is



Reykjalundur er 80 ára í ár en sögu starfseminnar má rekja til ársins 1945. Í dag er þar boðið upp á þverfaglega endurhæfingu í átta mismunandi meðferðarteymum; gígta-, geðheilsu-, hjarta-, lungna-, tauga-, verkja- og efnaskipta- og offituteymi ásamt því að þar er rekin sólarhringsdeildin Miðgarður. Blaðamaður gekk um húsakynninn með þeim Pétri Magnússyni forstjóra og Svönu Helen Björnsdóttur stjórnarformanni Reykjalundar. Þau fræddu hann um starfsemina og sýndu alla króka og kima þessa gríðarstóra húsnæðis sem SÍBS hefur komið upp að Reykjum í Mosfellsbæ.

Fyrstu kynni skipta máli

Þegar komið er inn í anddyri aðalbyggingar Reykjalundar tekur á móti manni einkar hlýlegt viðmót starfsfólks í afgreiðslu en Pétur segir að mikið sé lagt upp úr því að fyrstu kynni fólks séu góð enda sporin oft þung fyrir fólk sem stíga þarf inn á endurhæfingarstofnun. Sumir komi jákvæðir á meðan aðrir komi kvíðnir, neikvæðir eða jafnvel eingöngu til að þóknast öðrum.

Öll aðstaða fyrir skjólstaðinga er góð en auk aðstöðu fyrir veitta sérfræðiþjónustu í teymunum er góður íþróttasalur og tvískipt sundlaug þar sem t.a.m. er hægt að synda og stunda sundleikfimi. Þá eru á nokkrum stöðum í húsnæðinu sérstök hvíldarherbergi með þægilegum hægindastólum þar sem ríkjá á algjör þögn. Þar geta skjólstaðingar látið líða úr sér eða jafnvel hallað aftur augunum um stund á milli stríða. Við lítum inn í eitt slíkt og þar leynir kyrrðin sér ekki, m.a.s. má heyra úr horni lágværar hrotur.

Pétur segir markmið endurhæfingar vera að bæta líðan og auka lífsgæði sjúklings og getu hans til að nýta sér ýmis bjargráð sem honum eru kennð. Hann segir sérstöðu Reykjalundar, sem jafnframt sé



Morgunblaðið/Eggert

Endurhæfing Aðstaðan á Reykjalundi er góð. Pétur Magnússon forstjóri Reykjalundar við sundlauginu á staðnum.

hjartað í starfseminni, vera teymisvinnu fjölbreytts hóps sérhæfðs heilbrigðisstarfsfólks sem myndar meðferðarteymi, þar sem sett er upp einstaklingsmiðuð endurhæfingardagskrá fyrir hvern og einn sjúkling, sem miðar að því að bæta líkamlega getu hans sem og andlega og félagslega líðan. Óvenjulegt er að jafn fjölbreytt framboð meðferðarteyma sé á einum og sama staðnum.

„Það eru alls konar samlegðar- og samræmingaráhrif sem hljóta af því að teymin séu öll á sama stað,“ segir Pétur. Hann segir einnig mikla möguleika fólga í þessu fyrirkomulagi þegar kemur að starfsþróun starfsfólks. Ef það skyldi vilja færa sig til þá geti það gert það án þess að þekkingin tapist úr húsinu.

Talið berst að biðlistum, sem Pétur segir vera til staðar, mislangir eftir meðferðarteymum. „Nú eru t.d. komin betri gígta-lyf og þeir sem hefðu kannski þurft að koma til okkar í gígarteymið áður geta nýtt

sér lyf til aukinna lífsgæða og þurfa síður að koma til okkar. Segir hann þörfina vera mikla og að umsóknir séu ekki afgreiddar í línulegri röð, heldur verði að meta hvert og eitt tilfelli út frá ýmsum atriðum.

Hvernig er árangur mældur?

„Við mælum ýmis atriði hjá fólki þegar það kemur og svo aftur við útskrift. Langtímaárangur er hins vegar það sem skiptir mestu máli þegar horft er til lífsgæða fólks. Við hefðum viljað vera í sambandi við fólk og veita betri eftirfylgni,“ segir Pétur og bætir við að slík eftirfylgni gæti líka verið veitt í gegnum heilsugæsluna eða aðra sérhæfða aðila.

Alþjóðleg gæðavottun

Stöðug þróun er í endurhæfingu að sögn forstjórans en ákveðnir grunnþættir eru þó svipaðir. „Við erum alltaf að taka inn nýjungar og bæði aðlaga og fylgjast með því sem gerist í kringum okkur. Við vorum t.d. að innleiða alþjóðlega gæða-

vottun sem heitir CARF en þá er í raun verið að fara yfir starfsemina og meta hana út frá alþjóðlegum gæðastöðlum. Það kom vel út hjá okkur en markmiðið er að við getum borið saman okkar starfsemi og það sem við erum að gera við það sem best gerist í heiminum.“

Hann segir CARF-gæðavottunina staðfesta að stofnunin uppfylli ströng fagleg gæðaviðmið og vinni að stöðugum umbótum í starfseminni. „Reykjalundur er fyrsta íslenska heilbrigðisstofnunin sem öðlast CARF-gæðavottun. Vottunin staðfestir að Reykjalundur hefur gengist undir ítarlegt úttektarferli þar sem 1.720 staðlar í starfseminni voru skoðaðir og metið hvort starfsemin uppfylli fagleg og siðferðileg viðmið og alþjóðlega viðurkenna gæðastaða sem miða að betri þjónustu fyrir notendur. Niðurstaða úttektarinnar var sú að Reykjalundur öðlast vottun til þriggja ára, sem er besta mögulega niðurstaða.“ Pétur segist afskaplega stoltur af viðurkenningunni og að Reykjalundur hafi fengið staðfest að þjónustan sem þar sé veitt sé með því besta sem gerist í heiminum. „Það er vel við hæfi að það hafi verið formlega staðfest á 80 ára afmælisári Reykjalundar,“ segir hann.

Skuggi yfir starfseminni

Húsnæði Reykjalundar er farið að láta á sjá og nauðsynlegt viðhald og endurbygging komin á tíma. Hluti þess hefur verið innsiglaður vegna myglu og dæmi eru um bæði starfsmenn sem hafa þurft að hætta

ENDURHÆFING Í 80 ÁR

Eiguleg bók með sögum og myndum

Út er komin saga Reykjalundar eftir Pétur Bjarnason, Reykjalundur – Endurhæfing í 80 ár. Pétur rekur söguna á lifandi hátt í eigulegri bók og nýtir til þess bækur, blöð, skýrslur, ljósmyndir og viðtöl við fjölda fólks sem þekkir starfsemina frá ólíkum hliðum. Bókin er seld á vef SÍBS í fjárflyunararkyni, sibs.is/saga-reykjalundar/.

Um fjöllum Morgunblaðsins í tilefni 80 ára afmælis Reykjalundar er byggð á texta Péturs úr bókinni og kann blaðið honum bestu þakki fyrir.

störfum vegna loftgæða og skjólstaðinga sem hafa þurft að hætta meðferð. Húsnæðinu er skipt í þrjá meginástandsflokka; það sem er í lagi, það sem er lokað og ónothæft vegna loftgæða og það sem er í gjörgæslu vegna loftgæða og er þrifið sérstaklega með reglubundnum hætti. Pétur segir að ekki megi loka mikið meiru til að hægt verði að halda starfseminni úti.

Reykjalundur er með þjónustusamning við ríkið. Pétur segir ákveðið misrétti að hann snúi eingöngu að þjónustunni en ekki að rekstri og viðhaldi húsnæðisins. „Ríkið er að leigja húsnæði víða og ríkið borgar sína leigu. Það er almennt ekki ætlast til þess að sá sem er að leigja ríkinu geri það frítt eins og SÍBS er látið gera í tilfelli Reykjalundar.“ Aðspurður segir Pétur ríkið sýna stöðunni skilning og að hann vonist til að skriður fari að komast á málið. „Það er heilbrigðisþing á vegum heilbrigðisráðuneytisins í næstu viku um endurhæfingu. Ég hef trú á því að í kjölfarið fari Alma að koma í samninga við okkur um húsnæðismál.“

Hvað þraukið þið lengi? Fimm ár, þrjú eða jafnvel bara eitt?

„Ef húsnæðismálin skýrast ekki innan þriggja ára þá verður einfaldlega lokað en þörfin fyrir endurhæfingu er það mikil í samfélaginu að ég á frekar von á að Reykjalundur stækki en að honum verði lokað.“

● Áframhaldandi umfjöllun um Reykjalund í 80 ár verður í laugardagsblaði Morgunblaðsins.